

SKRÁNING OG EFTIRLIT STRANDMINJA

– Agnes Stefánsdóttir

Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins) hefur í fjölda ára reynt að vekja athygli á bágrri stöðu strand- og sjávarminja á Íslandi. Fornleifavernd Húsafriðunarnefnd og nokkrir starfsmenn voru stofnfélagar Íslenska vitafélaginu þegar það var stofnað árið 2003 og hafa starfsmenn stofnananna haldið þó nokkra fyrirlestra á ráðstefnum og kvöldfundum félagsins gegnum árin.



Sæból á Ingjaldssandi. Frá vettvangsferð Minjastofnunar í júlí 2016

Vorið 2015 stóð Minjastofnun fyrir ráðstefnunni Strandminjar í hættu – Lífróður á Hótel Sögu ásamt áhugamönnum um strandminjar. Innlendir og erlendir fyrirlesarar héldu þar erindi fyrir hátt í 100 manns og lauk ráðstefnunni með umræðum undir stjórn Eyþórs Eðvarðssonar, sem snerust um spurninguna: hvað svo?

Í framhaldi af þessari ráðstefnu var á fjárlögum ársins 2016 veitt 10 milljónum króna sérstaklega til strandminja í hættu. Einnig var í þessum sömu fjárlögum veitt 26 milljónum aukalega til Minjastofnunar til að byggja upp starfsstöð á Sauðárkróki. Framlagið byggðist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar. Ákveðið var að verja hluta fjármagns fyrir starfsstöðina til að ráða starfsmann á Sauðárkrók sem myndi stýra átaki í vernd strandminja svo hægt væri að nýta 10 milljónirnar sjálfar að fullu í verkefnið.

Auglýst var eftir starfsmanni strax í byrjun árs 2016, Guðmundur Stefán Sigurðarson fornleifafræðingur var ráðinn í starfið í febrúar og tók hann til starfa í byrjun júní. Guðmundur er alvanur skráningu og rannsóknum á fornleifum en hann starfaði áður á fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga. Eitt af verkefnum hans þar var skráning strandminja í Skagafirði.

Í sumar hefur verið unnið að skipulagningu verkefnisins og nú í haust verður leitað tilboða í átaksverkefni sem felur í sér skráningu þriggja svæða þar sem vítað er að landbrots gætir í töluverðum mæti, þéttleiki minja er mikill og engin minjaskráning er til.

Hægt er að fylgjast með verkefninu á sérstakri facebook síðu sem finna má undir heitinu Strandminjar.

ÁTAKSVERKEFNI Í SKRÁNINGU OG EFTIRLITI STRANDMINJA

– Guðmundur Stefán Sigurðsson

Mikið landbrot af völdum sjávar er víða við strendur landsins og fjöldi menningarminja horfnar eða á leið í sjó. Vorið 2016 hratt Minjastofnun Íslands af stað sérstöku átaksverkefni til að bregðast við þessum vanda og hefja skipulagða skráningu og eftirlit með menningarminjum við strendur landsins.

Undirritaður var ráðinn til að skipuleggja og leiða þá vinnu. Ég er með MA-gráðu í fornleifafræði frá Háskóla Íslands og hef starfað við skráningu og rannsóknir fornleifa frá árinu 2005, fyrst meðfram námi en í fullri vinnu hjá Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga frá 2009.

Starfssvæði mitt hjá Bygðasafninu var einkum bundið við Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Við að ganga um skagfirskar og húnvetnskar jarðir í leit að fornleifum varð manni fljótlega ljóst að þar er landbrot af völdum sjávar mikið vandamál á stórum svæðum. Víða heyrðum við að færa hefði þurft girðingar með reglulegu millibili og að minjar sem viðmælendur okkar mundu eftir úr æsku væru jafnvel alveg horfnar, annars staðar sá maður með berum augum minjar á leið í sjó.



Nánar verður gerð grein fyrir verkefninu í fyrirlestri sem ég mun flytja á vegum Vitafélagsins í apríl næstkomandi.

Fréttabréf



2. tbl 2016
Vitafélagið
- íslensk strandmenning

Ágæti lesandi

Að venju mun *Vitafélagið-Íslensk strandmenning* standa fyrir fræðslukvöldum í vetur eins og það hefur gert síðustu tíu ár. Sú breyting verður þó á að þeir verða ekki í Sjóminjasafninu eins og áður heldur flytjum við okkur ögn lengra út á Granda nánar tiltekið í Björskólann Ægisgarði sem er til húsa að Eyjarlóð 5 í Reykjavík.

Umfjöllunarefni vetrarins er vitinn. Mál til komið hugsa eflaust einhverjir. Saga íslenska vitans er ung, en það var ekki fyrr en árið 1878 sem fyrst blikkaði ljós á íslenskri strönd og þegar Hrollaugseyjavitinn var reistur árið 1954 var ljósvitahringnum um landið lokað. Vitinn hafði umtalsverð áhrif á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, rauf einangrun, bjargaði mannlífum og færði okkur iðnbyltinguna, en hér á landi kunni enginn til tækniverka þegar reisa átti fyrsta vitann þannig að flytja varð inn þekkingu frá Danmörku. Um þennan merka kafla Íslandssögunnar upplýsa okkur sérfróðir einstaklingar.

Eins og mörgum lesendum blaðsins er kunnugt vinnur félagið að gerð heimildarmyndar um íslenska vitann ásamt valinkunnum kvikmyndagerðarmönnum og gerum við okkur vonir um að geta frumsýnt hana að ári – ef tekst að fjármagna hana að fullu.

Sjötta Norræna strandmenningarhátíðin var haldin 7-10 júlí 2016. Í þetta sinn voru gestgjafarnir Færeyingar og var hátíðin haldin í Vági á Suðurey. Þema hátíðarinnar var „Havet som næringsvej“ og af Íslands hálfu var Breiðafjörður í brennidepli og breiðfirsk strandmenning. Tveir fulltrúar komu frá Bátasafninu á Reykhólum, þeir Sigurður Bergsveinsson og Hafliði Aðalsteinsson. Þeir komu með báta og tóku þátt í samsiglingu með öðrum norrænum bátum. Arndís Jóhannsdóttir sem vinnur í roð kom með glæsileg sýnishorn af sinni vinnu og Jófríður Benediktsdóttir sýndi handverk við að þæfa ull og gera glæsileg sjöl þar sem ull og silki eru unnin saman. Sýndar voru framleiðsluvörur frá Þörungavinnslunni og einnig var til sölu hafsalt sem framleitt er á Reykhólum. Fyrirlestrar voru fluttir um ýmsa þætti norrænnar strandmenningar t.d. flutti Kristján Sveinsson erindi um söguleg tengsl Íslands og Færeyja. Myndir og nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu strandmenningarhátíðarinnar www.grindabatar.com

Að ári stefna norrænu félögin að því að halda ráðstefnu á Grænlandi í stað hátíðar. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar verður norrænt samstarf grasrótarinnar og möguleikar grasrótarfélaga til að starfa saman. Sumarið 2018 verður síðan blásið til hátíðarhalda á ný og nú á Siglufirði. Bærinn fagnar 100 ára afmæli og trúlega er Siglufjörður eini bærinn þar sem allar norrænu þjóðirnar eiga sín spor. Norrænu strandmenningarhátíðinni verður slegið saman við Þjóðlagahátíðina og verður þema hennar „Tónlist við haf og strönd“. Eins og áður verður þó ýmislegt annað á boðstólnum svo sem handverk af ýmsum toga, smíði, sýningar, fyrirlestrar og fl. Við væntum þess að landsmenn allir taki sem mestan og bestan þátt í hátíðarhöldunum og mæti til söngs og leiks.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

LJÓSAMEISTARI VITANNA

– Kristján Sveinsson ræðir við Guðmund Bernóðusson

Guðmundur Bernóðusson rafvirki lét af störfum í ágústbyrjun í sumar eftir langan og farsælan starfsferil við vitakerfið. Upphafið að störfum Guðmundar við vitana var haustið 1979.

Við hjónin vorum þá búsett í Bolungarvík með syni okkar tvo, ég hafði lokið námi í rafvirkjun og vann hjá Orkubúi Vestfjarða í Bolungarvík. Ég hafði ekkert velt fyrir mér að gerast vitavörður eða starfa við vitana yfirlætt þegar ég heyrði einn morguninn þetta haust auglýsingu í útvarpinu um að það vantaði vitavörð í afleysingu á Galtarvita. Ég hringdi suður í Tómas Sigurðsson hjá Vita- og hafnamálastofnun og var eiginlega ráðinn í því símtali.

Við hjónin sem sagt slógum til þótt komið væri fram í nóvember og eldri sonur okkar byrjaður í skóla. Varðskip var sent til að sækja okkur og siglt var að Galtarvita en þegar þangað kom var ólendandi vegna sjógangs. Þá var siglt inn í Djúp og lagst í var við Æðey. Okkur var vísað í með strákana í tvo klefa neðst niðri í skipi en þegar Sigurjón Hannesson skipherra varð þess áskynja lét hann strax færa okkur í forsetasvítuna og þar vorum við í góðu yfirlæti um nóttina. Daginn eftir var fengin þyrta til að flytja okkur og okkar hafurtask í land við Galtarvita enda ekki útlit fyrir að þar yrði lendandi næstu daga. Þetta voru því dálítið ævintýrlegir búferlaflutningar, því er ekki að neita.

Við vorum í tæp þrjú ár á Galtarvita og það var góður tími sem ég hefði ekki viljað missa af. Þarna var maður sinn eigin herra og laus við áreiti. En að liðnum þessum þremur árum þótti okkur dvölin í einangruninni orðin nógu löng. Báðir strákarnir okkar voru komnir á skólaaldur og auðvitað komið að því að bræðurnir færu í almennilegan skóla. Tækifærið til breytinga kom vorið 1983 þegar losnaði starf rafvirkja hjá Vita- og hafnamálastofnun og við fluttum suður.

Vitastörf

Ljósgefarnir í fyrstu vitunum hér á landi voru steinolíulampar en svo tóku gasljós við. Steinolíulamparnir voru löngu úr sögunni þegar ég hóf störf hjá Vita- og hafnamálastofnun en það voru ennþá gasljós í mörgum vitanna. Það voru árvissir flutningar á gasi í vitana. Það var í hylkjum sem voru rúm 100 kg að þyngd með áfyllingunni. Ég lenti aldrei í gasferð en þær þóttu erfiðar og krefjandi enda þurfti sums staðar að drösla gashylkjunum allanga leið um torfæur.

Laust fyrir 1990 hófst nýr kafla í vitatækninni þegar við byrjuðum að gera tilraunir með að nota sólarorku til að framleiða raforku fyrir vitaljós. Fyrsti búnaðurinn af þessu tagi var settur upp í Gerðistangavita sem er á Atlagerðistanga á Vatnsleysuströnd. Það er skemmst frá því að segja að sólarorkubúnaðurinn reyndist framar öllum vonum. Menn höfðu haft efasemdir um að hann kæmi að nógu góðum notum hér vegna þess hve skammdegið er langt en allar áhyggjur af því reyndust ástæðulausar.



Galtarviti, íbúðarhús og viti

Um 1990 hófst sólarorkuvæðingin fyrir alvöru. Við einbeittum okkur fyrst í stað að skerja- og annesjavitum sem erfitt var að flytja gashylkin í. Það er ekki hægt að segja annað en þetta hafi gengið mjög vel og að mörgu leyti reyndist nýi tækjabúnaðurinn framar vonum. Þeir vitar stóðu í miklum skugga af fjöllum voru látnir mæta afgangi en að lokum tókst að nýta sólarorku í þeim einnig nema einum. Vitinn á Norðfjarðarhorni stendur þannig að þar nægir sólarorkan ekki og notuð er einnota rafhlaða sem endist allt ári.

Talsverð ferðalög fylgdu starfi Guðmundar enda vitar um land allt og sumir á óaðgengilegum stöðum. „Ég kom að lokum í þá alla“, segir hann, „hvern og einn einasta að innsiglingavitum meðtöldum en það hefur líklega tekið um 20 ár að ná því. Hornbjargsviti, Bjarnareyjarviti og auðvitað Galtarviti eru Guðmundi minnisstæðir en þangað þótti honum ávallt varið í að koma en eins og gefur að skilja á hann endurminningar frá öllum vitum landsins þar sem hann hefur haft lengri eða skemmri viðdvöl. Vitaferðirnar gátu orðið erfiðar, einkum ef fara þurfti viðhaldsferðir að hausti eða vetri og stundum varð

atburðarásin óvænt. Viðhaldsflokkur þurfti til dæmis að hafa næturdvöl í Hrólfsskeri á Eyjafirði skömmu eftir aldamótin þar sem sjógangur kom í veg fyrir að léttabátur varðskipsins sem mannskapurinn hélt til í gæti lagt að skerinu. Einhverju sinni var sjólag




Sigríður Hannibalsdóttir kona Guðmundar var í hlutastarfi sem aðstoðarvitavörður og þau skiptu með sér veðurathugunum. Myndin sýnir Sigríði að senda veðurfregnir

líka þannig við Hornbjargsvita að þar var ekki lendandi til að sækja vitamenn og var þá tekið til bragðs að ganga í Hornvík þar sem bátur sótti mannskapinn. Margir hafa komist að því fullkeyptu við Straumnesvitann enda gengur þar á ýmsu hvað veður snertir. Þar var lent í allsæmilegu að morgni til en um kvöldið var orðið kolófært og ekki um annað að gera en ganga í Rekavík þar sem mannskapurinn var sóttur.

Sjálfvirk tæki og fjarskiptatækni komu síðan í stað vitavörðanna. Þróun tölvutækninnar hefur orðið til þess að mælitæki sem mannlegt auga þurfti áður að lesa af gera það sjálf og unnt er að senda niðurstöðurnar um langan veg til móttakenda. Þessi tækni varð til þess að unnt var að fylgjast með vitunum úr stjórnstöð í Kópavogi og verða þess var ef eitthvað bar útaf með starfsemi þeirra.

Starfið við ljóstæki vitanna var áhugavert ævistarf að mati Guðmundar og hann minnst samstarfsmanna sinna með þakklæti, ekki síst Sigurjóns Eiríkssonar sem starfaði við hlið hans í 19 ár og hefur nú tekið við því ábyrgðarhlutverki að láta ljós vitanna loga.

HEIMILDARMYNDIN BROTIÐ



„Þetta snýst um svo margt. Snýst um að bjarga verðmætum í formi minninga. Skrásetja áður en það er um seinan. Segja sögu. Heiðra minningu þeirra er sóttu sjóinn. Þeirra er háðu baráttu við veðuröflin og urðu sumir að lúta í lægra haldi. Þeirra er eftir lifðu, ekkna og barna“.

Þannig lýsa þau Haukur Sigvaldason, María Jónsdóttir og Stefán Loftsson verkefninu er þau hófust handa við sumarið 2012. Þeim Hauk og Maríu er enn í fersku minni óveðrið er gekk yfir þann 9 apríl 1963 er ellefu sjómenn fórust fyrir Norðurlandi og Dalvíkurþorp var sem lamað eftir að hafa misst sjö af sínum dugmiklu sonum í hafið. Þó voru þau aðeins fimm ára. Fyrir Maríu er þetta fyrst og fremst köld minning en öðru máli skiptir um Hauk. Hann missti föður sinn og föðurbróður.

Með þessa reynslu í farteskinu og áform um að heiðra minningu sjómanna á veglegan hátt, er fimmtíu ár væru frá slysinu, var lagt í verkið. Til að það væri gerlegt fengu þau til liðs við sig Stefán Loftsson, kvikmyndagerðarmann. Honum var málið eigi óskýlt, enda bróðursonur Hauks. og fór þarna að kafa í sögu afa síns sem hann aldrei kynntist í lifanda lífi.

Þann 9. apríl 2013 var svo afhjúpaður minningarsteinninn við höfnina á Dalvík að tilstuðlan þeirra þriggja. Tileinkaður þeim er fórust. Gerð hans og minningarathöfn þennan sama dag er eitt af hryggjarstykjum kvikmyndarinnar, en auk þess er hún borin upp af frásögnum fólks með margvíslegar tengingar við atburðinn, gömlum ljósmyndum og kvikmyndabútum.

NORRÆNA STRANDMENNINGARHÁTÍÐIN Í FÆREYJUM

Margt bar fyrir augu og eyru á hátíðinni í Færeyjum.



Færeyingar sýndu grindabátana sína



Reykhólabátarnir sigldu um höfnina



Jóhannes Geir Gíslason sýnir handbragð við selanet



Grænlandingar sungu og sýndu dans